

Fimmtudaginn 28. maí 1998.

Nr. 427/1997.

Íslenska útvarpsfélagið hf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Karli Diðriki Björnssyni

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. október 1997. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Formi og efni tryggingarvísils þess, sem málið er risið af, er lýst í héraðsdómi. Útgefandi vísilsins, Páll G. Jónsson, framseldi hann eyðuframsali, og er stefndi handhafi hans.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, ber víxillinn eftirfarandi áritun: „Tryggingarvísill samkvæmt samkomulagi hinn 9. mars 1989“. Áfrýjandi heldur því fram, að útgefandi vísilsins hafi enga kröfu átt vegna þeirra viðskipta, sem víxlinum var ætlað að tryggja. Í héraðsdómi eru raktar nánar varnir þær, sem áfrýjandi hafði uppi gegn kröfu stefnda á þeim grundvelli. Varða þær lögskipti að baki víxlinum.

Áfrýjandi lagði fyrir Hæstarétt samkomulag 9. mars 1989, sem er undirritað af útgefanda vísilsins, Páli G. Jónssyni, og Jóni Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., fyrir hönd þess. Skjal þetta varðar önnur viðskipti en samkomulag það, sem rakið er í héraðsdómi, og er dagsett sama dag. Áfrýjandi lagði einnig fram ýmis önnur ný gögn um viðskipti samþykkjanda og útgefanda vísilsins svo og beiðni áfrýjanda til lögreglustjórans í Reykjavík 7. nóvember 1997 um opinbera rannsókn á meðferð Páls G. Jónssonar á tryggingarvíslinum. Heldur áfrýjandi því fram, að hin nýju gögn sýni, að útgefandi vísilsins hafi aldrei átt neina kröfu vegna viðskipta hans og samþykkjanda vísilsins. Stefndi ítrekar fyr-

ir Hæstarétti þau rök sín gegn vörnum áfrýjanda, að þær séu reistar á viðskiptum að baki víxlinum.

Málið er rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Á það verður fallist, að áðurnefndar mótbárur áfrýjanda séu ekki meðal þeirra varna, sem honum er heimilt að hafa uppi eftir 118. gr. laganna án samþykkis stefnda. Áfrýjandi getur hins vegar borið fram slíkar málsástæður í endurkröfumáli vegna lögskipta að baki víxlinum.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með vísun til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um annað en málskostnað, en áfrýjanda verður gert að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðinn verður í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Íslenska útvarpsfélagið hf., greiði stefnda, Karli Diðriki Björnssyni, 400.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. október 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 22. september 1997, er höfðað af Karli Diðriki Björnssyni, Krókabyggð 3 a, Mosfellsbæ, gegn Íslenska útvarpsfélaginu hf., Lynghálsi 5, Reykjavík, með stefnu, birtri 16. desember 1996.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda víxilskuld, að fjárhæð 2.500.000 krónur, auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 17. desember 1993 til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og stimpilkostnaðar, að fjárhæð 18.750 krónur. Einnig er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti til greiðsludags, í fyrsta sinn 17. desember 1994. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun og dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga og 129. gr. laga nr. 91/1991 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær kröfur, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins.

Við þingfestingu málsins 14. janúar 1997 var af hálfu stefnda krafist málskostnaðartryggingar úr hendi stefnanda, en í þinghaldi 21. janúar sama ár var fallið frá þeirri kröfu.

Málavextir og ágreiningsefni.

Stefnandi hefur höfðað mál þetta vegna skuldar samkvæmt vixli, að fjárhæð 2.500.000 krónur. Vixillinn var út gefinn í Reykjavík 21. desember 1992 af Páli G. Jónssyni og framseldur af honum. Gjaldldagi vixilsins var við sýningu, en greiðslustaður í Íslandsbanka hf. í Reykjavík. Vixillinn var samþykktur til greiðslu af Jóni Sigurðssyni f. h. Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., en greiðandi er samkvæmt vixlinum Stöð 2, Íslenska sjónvarpsfélagið hf. Vixillinn var sýndur til greiðslu 17. desember 1993 og afsagður þann dag vegna greiðslufalls, eins og fram kemur í áritun á bakhlið vixilsins. Á vixilinn er ritað: „Tryggingarvixill samkvæmt samkomulagi 9. mars 1989.“

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að engin skuld sé að baki vixlinum, en allar skuldir stefnda við Pál G. Jónsson hafi verið gerðar upp með samningi 31. desember 1989. Sá samningur er um kaup Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. á hlutabréfum í félaginu af Páli G. Jónssyni og Pólaris hf. Í málinu hefur komið fram, að samkomulagið frá 9. mars 1989, sem vísað er til í áritun á vixlinum, varðar samkomulag Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. og Páls G. Jónssonar um veiðileyfi í Haffjarðará 9. til 12. ágúst 1989. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að allar kröfur samkvæmt þessu samkomulagi séu fyrndar.

Með bréfi lögmanns stefnda til Rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 19. desember 1996, var óskað eftir opinberri rannsókn á meðferð vixilsins, sem hér um ræðir. Í bréfinu er því haldið fram, að vixillinn hafi átt að vera til tryggingar efndum á kaupsamningi Páls G. Jónssonar og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., þegar Páll hafi verið keyptur út úr félaginu. Engin vanhöld hafi orðið í þeim viðskiptum, og hafi því Páli borið að afhenda Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. vixilinn, en þeirri skyldu hafi hann brugðist. Með bréfi Rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 10. febrúar 1997, til lögmannsins var óskað eftir nánari upplýsingum, en svarbréf lögmannsins er frá 17. apríl 1997.

Í þinghaldi 8. apríl 1997 var máli þessu frestað til 15. maí 1997 vegna kærunnar til rannsóknarlögreglu, en um leið var því mótmælt af hálfu stefnanda, að frekari frestir yrðu veittir, enda varðaði rannsóknarefnið í engu kröfu stefnanda í málinu, sem væri rekið sem vixilmál. Í þinghaldinu 15. maí var af hálfu stefnda óskað eftir ótilteknum fresti í málinu, en því var mótmælt af hálfu stefnanda. Frestbeiðni stefnda var hafnað með bókun með vísan til 1. og 2. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991.

Helstu málsástæður aðila og réttarheimildir, sem þeir miða við.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda á því, að Íslenska sjónvarpsfélagið hf. hafi verið sameinað Íslenska útvarpsfélaginu hf. og heiti það nú Íslenska útvarpsfélagið hf. Kröfum í málinu sé því beint að stefnda, sem tekið hafi að sér að fullnægja öllum skyldum Íslenska sjónvarpsfélagsins hf.

Víxillinn sé ekki til kominn vegna kaupa á hlutabréfum í Íslenska sjónvarpsfélaginu hf., heldur vegna tryggingar, sem sett hafi verið til efnda á samkomulaginu frá 9. mars 1989 vegna kaupa Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. á veðileyfum af Páli G. Jónssyni í Haffjarðará.

Stefnandi rekur málið sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Af hans hálfu er því mótmælt, að varnir stefnda, er varði lögskiptin að baki víxlinum, komist að í málinu. Áritun á víxilinn breyti engu um gildi skjalsins. Enn fremur er mótmælt fullyrðingum stefnda um, að ekki sé skuld að baki víxlinum, en stefnandi hafi sýnt fram á, að um skuld sé að ræða. Víxillinn, sem stefnandi hafi fengið framseldan, sé að öllu leyti formlega gildur. Stefndi hafi sönnunarbyrðina fyrir því, að um væri að ræða einhverjar réttmætar ástæður, er takmörkuðu rétt stefnanda samkvæmt víxlinum. Því er mótmælt af hálfu stefnanda, að slíkar ástæður væru í málinu, sem rekið væri sem víxilmál.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að Páll G. Jónsson hafi enga kröfu átt á hendur stefnda eftir hlutabréfaviðskiptin, sem fram fóru 31. desember 1989. Páll hafi ekki hirt um að skila umræddum víxli, en á bak við hann sé engin skuld. Því er haldið fram af hálfu stefnda, að stefnanda hafi verið um það kunnugt, að engin fjárkrafa stæði að baki víxlinum, þegar hann tók við honum, þar sem stefnandi hafi verið starfsmaður Páls um langa hríð.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að víxilréttur stefnanda sé takmarkaður vegna áritunar á víxlinum. Þar sé ritað, að um tryggingarvixil sé að ræða samkvæmt samkomulagi 9. mars 1989. Réttur stefnanda til greiðslu samkvæmt víxlinum sé þess vegna háður því, að samkomulag þetta hafi verið vanefnt af hálfu stefnda. Ekki hafi verið sýnt fram á það af hálfu stefnanda.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefnandi geti rekið mál þetta sem víxilmál samkvæmt lögum nr. 93/1933 og XVII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, þar sem réttur hans til greiðslu samkvæmt víxlinum sé háður sömu takmörkunum og réttur Páls G. Jónssonar. Páll hafi aldrei gert neinar kröfur á hendur Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. eða stefnda

vegna vanefnda á samkomulaginu frá 9. mars 1989. Hafi átt að efna það samkomulag árið 1989, séu allar kröfur samkvæmt samkomulaginu fyrndar, hafi þær á annað borð einhvern tíma verið til. Við munnlegan málflutning var því enn fremur haldið fram, að samkomulagið hefði snúist um mun lægri fjárhæð en fjárhæð víxilsins. Stefnandi geti aldrei átt kröfu til hærri fjárhæðar en þeirrar, sem víxlinum hafi verið ætlað að tryggja.

Stefndi vísar til reglna víxillaga nr. 93/1933, m. a. 10. gr. og 17. gr. almennra reglna samninga- og kröfuréttar og reglna um fyrningu kröfuréttinda. Þá var við munnlegan málflutning vísað til 1. gr. víxillaga og því mótmælt, að skjalið, sem stefnandi reisir kröfu sína á, hefði víxilgildi samkvæmt þeirri lagagrein, þar sem greiðsluskyldan væri háð ákveðnum skilmálum. Víxillinn fullnægði þannig ekki formskilyrðum lagagreinarinnar, og væri því ekki unnt að krefjast greiðslu samkvæmt víxilrétti. Stefnandi verði að sæta sömu mótbárum og sá, sem upphaflega hafi átt skjalið.

Niðurstöður.

Form víxilsins, sem hér um ræðir, er í samræmi við ákvæði 1. gr. víxillaga nr. 93/1933, og fullnægir skjalið því þeim skilyrðum, sem fyrir þurfa að vera, til að það hafi víxilgildi. Varnir stefnda varða efni og réttaráhrif samningsins, sem vísað er til í áritun á víxlinum, svo og önnur lögskipti að baki víxlinum. Þær varnir komast ekki að í málinu gegn andmælum stefnanda, sbr. 118. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Með vísan til þessa ber að taka kröfur stefnanda til greina.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur, ásamt virðisaukaskatti og dráttarvöxtum, eins og krafist er.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslenska útvarpsfélagið hf., greiði stefnanda, Karli Diðriki Björnssyni, 2.500.000 krónur auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af þeirri fjárhæð frá 17. desember 1993 til greiðsludags og stimpilkostnað, að fjárhæð 18.750 krónur. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti til greiðsludags, fyrst 17. desember 1994.

Stefndi greiði stefnanda 250.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts og dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.